

Fréttatilkynning 11. desember 2009:

Endurskipulagningu Stoða lokið

Aðalfundur eignarhaldsfélagsins Stoða hf. var haldinn í dag. Fjárhagslegri endurskipulagningu Stoða er lokið. Heildareignir félagsins námu 32 milljörðum króna í lok júní 2009 og var eiginfjárlutfall félagsins 69%. Fjármögnun félagsins hefur því verið tryggð til langs tíma. Kröfuhafar Stoða eignuðust fyrr á árinu allt hlutafé í Stoðum en stærstu eignir Stoða eru TM og Fresco.

Endurskipulagning fjárhags Stoða var byggð á þremur meginþáttum. Í fyrsta lagi samþykktu hluthafar Stoða að afskrifa allt hlutafé sitt í félagini. Í öðru lagi náðust samningar við tryggða kröfuhafa um skuldajöfnun, endurfjármögnum skulda og greiðslu hluta veðtryggðra skulda með forgangshlutafé í Stoðum. Í þriðja lagi voru ótryggðar kröfur gerðar upp með reiðufé og almennu hlutafé í Stoðum í samræmi við nauðasamninga, sem samþykktir voru með öllum greiddum atkvæðum kröfuhafa. Kröfuhafar Stoða eignuðust þannig allt hlutafé í félagini samhliða því sem fjármögnun félagsins var tryggð til langs tíma.

Heimtur allra kröfuhafa Stoða voru metnar um 27% sl. vor, miðað við verðmæti eignasafns Stoða í aðdraganda nauðasamninga. Meginforsenda endurskipulagningar Stoða var að hagsmunum kröfuhafa væri best borgið með því að halda starfsemi félagsins áfram, í trausti þess að verðmæti eignasafns félagsins muni hækka í framtíðinni, kröfuhöfum og núverandi hluthöfum til hagsbóta. Endanlegar heimtur munu þannig ráðast af framtíðarverðmæti eignasafns Stoða.

Helstu eignir Stoða eru 99,1% hlutur í Tryggingamiðstöðinni (TM) og 51% hlutur í evrópska drykkjarvöruframleiðandanum Fresco. Meðal annarra eigna Stoða má nefna eignarhluti í Royal Unibrew, Nordicom, Glacier Renewable Energy Fund og Inspired Gaming.

Hluthafar Stoða eru nú 112 talsins. Þrír hluthafar fara með yfir 10% af atkvæðamagni hlutabréfa: Glitnir, NBI og Arion banki. Stjórni Stoða, sem fyrst var kjörin á hluthafafundi þann 17. júlí sl. og endurkjörin á aðalfundi Stoða í dag, skipa Eiríkur Elís Þorláksson, Sigurjón Pálsson og Sigurður Jón Björnsson. Starfsmenn Stoða eru þrír talsins að Jóni Sigurðssyni, framkvæmdastjóra félagsins, meðtöldum.

Ársreikningur og árshlutauppgjör

Á aðalfundi Stoða í dag var lagt fram árshlutauppgjör Stoða fyrir fyrstu sex mánuði 2009 ásamt ársreikningi fyrir síðastliðið ár. Bókfært verðmæti eigna Stoða þann 30. júní 2009, að loknu uppgjöri við kröfuhafa, var 32,1 milljarður króna. Skuldir Stoða námu 10,1 milljarði króna. Eigið fé Stoða í lok júní 2009 nam 22 milljörðum króna og eiginfjárlutfall félagsins var 69%.

Í árshlutauppgjöri fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2009 var bókfærð tekjufærsla vegna afskrifta skulda félagsins samhliða nauðasamningum. Bókfærður hagnaður Stoða frá 1. janúar 2009 til 30. júní 2009 nam því 205 milljörðum króna.

Í ársreikningi Stoða fyrir árið 2008 var tekið mið af mati á verðmæti eigna og lýstum kröfum lánardrottna Stoða í tengslum við nauðasamninga sem félagið gerði við kröfuhafa sl. vor. Bókfært tap Stoða frá 1. júlí 2008 til 31. desember 2008 nam 291,2 milljörðum króna. Samanlagt bókfært tap móðurfélags og dótturfélaga vegna rekstrarársins 2008 nam 350,6 milljörðum króna.

Stærstan þátt í tapi félagins árið 2008, u.p.b. 208 milljarða króna, má rekja til afskrifta á eignarhlutum Stoða í þremur helstu eignum félagsins á síðasta ári: Glitni, Landic Property og TM. Tap vegna annarra skráðra og óskráðra eigna og hlutabréfa (m.a. í Commerzbank, Inspired Gaming, Royal Unibrew, Nordicom, Atorku, Alfesca, Glacier Renewable Energy Fund, Unity, Þyrrpingu, Bayrock og Finnair) nam um 45 milljörðum króna. Vaxtagjöld og neikvæður gengismunur námu um 79 milljörðum króna á umræddu tímabili.

Rekstarkostnaður Stoða árið 2008 nam 2,1 milljarði króna og var 59% lægri en árið 2007. Til samanburðar var rekstarkostnaður Stoða fyrstu sex mánuði 2009 133 milljónir króna.

Frekari upplýsingar veitir:

Július Þorfinnsson

Verkefnastjóri

Sími 896 6612

Netfang: julius@stodir.is